



4. apríl 2016
1505039

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um spilahallir.

Með tölvupósti dags. 16. mars sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um spilahallir, lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþing, 51. mál.

Seðlabanki Íslands tekur almennt séð ekki afstöðu til þess hvort frumvarpið eigi að ná fram að ganga eður ei, þar eð efnislega er frumvarpið í meginatriðum utan hefðbundins verkswiðs bankans, en telur þó rétt að benda á nokkur atriði sem varða málefnasvið Seðlabankans.


Í fyrsta lagi er það, að í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins er orðið *spilapeningar* skilgreint sem gjaldeyrir sem sérstaklega er útbúinn og vottaður til notkunar í spilahöll. Seðlabankinn vill benda á að hugsanlega væri rétt af löggjafanum að nota í þessu samhengi annað orðalag, þar eð gjaldeyrir hefur rótgróna merkingu bæði í lagamáli og almennu tali, og leggur til að frekar sé talað um „skiptimynt“ eða „spilamynt“, „skildinga“, „gangeyri“, „verðmiðil“ eða eitthvað slíkt sem verður ekki á nokkurn hátt ruglað saman við gjaldmiðil og lögeyri.

Í öðru lagi vill Seðlabankinn velta því upp hvort rétt sé að endurskoða orðalag 20. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að heimilt sé að greiða með *spilapeningum* [svo!] fyrir tóbak og veitingar innan spilahallar. Það sem í raun á sér stað, þegar viðskiptavinir spilahallar innleysa slíkan verðmiðil, er það að þeir kaupa sér lausafé – sérstaklega vottaðar plastflögur eru í raun ekkert annað en það – fyrir raunverulegan gjaldeyri, sem seljandinn, spilahöllin, hefur skuldbundið sig til að kaupa á ný fyrir raunverulegan gjaldeyri. Að skipta á þessu lausafé fyrir tóbak og veitingar er í eðli sínu ekkert annað en vöruskipti sem almennt séð hefur ekki þurft heimild í lögum til að framkvæma. Sé hins vegar um jákvæða heimild af þessu tagi að ræða í lögum má spyrja sig hvaða ígildi þessi spilaverðmiðill hafi og hvort unnt sé að líta á hann í

einhverjum tilvikum sem raunverulegan og framseljanlegan gjaldeyri. Til að taka af allan vafa um að svo sé ekki er lagt til að ákvæðinu verði einfaldlega sleppt í frumvarpinu og það frekar eftirlátið hverri spilahöll að ákveða með hvaða hætti sé unnt að standa í vöruskiptum sem þessum.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

